

A 1801/presidiet

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um að gera skýra grein fyrir norrænu notagildi í þingmannatillögum frá Norðurlandaráði**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að allar þingmannatillögur, sem lagðar eru fram, feli í sér greinilega lýsingu á samnorrænu notagildi sem þeim er ætlað að hafa.

Bakgrunnur

Norðurlandaráð hefur mikilvægt verkefni með höndum í norrænu samstarfi. Það er samnorrænt notagildi sem er snar þáttur í því starfi sem við þingmenn norrænu ríkjanna og sjálfstjórnarsvæðanna innum af hendi þegar við komum saman.

Ákvarðanir okkar eiga að leggja grunn að starfsemi okkar í þjóðþingunum til að efla samstarfið á milli landanna og styrkja þau á tímum alþjóðavæðingar og mikilla áskorana.

Til að tryggja að Norðurlandaráð og ákvarðanir á vettvangi þess þyki skipta máli og eiga erindi í samtímanum verðum við að gera samnorrænu notagildi skýrari skil því að við viljum ekki vera álitin almennur umræðuvettvangur. Norðurlandaráð þarf að verða markvissara og beittara.

Í bæklingnum „Velkomin til Norðurlandaráðs - starf og starfshættir“ frá árinu 2017 er þessu skilmerkilega lýst:

Norrænt notagildi

Reglan um norrænt notagildi er mikilvæg í norrænu samstarfi. Meginatriði hennar eru

- að sameiginlegar norrænar lausnir hafi meiri áhrif en sömu aðgerðir í hverju landi fyrir sig
- að efla og þróa norræna samkennd
- að auka norræna færni og samkeppnishæfni
- að efla norræn áhrif á alþjóðavettvangi.

Norrænt samstarf beinir sjónum að málaflokkum þar sem samnorrænar



aðgerðir skapa virðisauka fyrir hvert land fyrir sig og íbúa þeirra. Árangur samstarfsins birtist – og á að birtast – í lífi og starfi fólks og fyrirtækja á Norðurlöndum. Samstarfið hefur m.a. leitt til sameiginlegs norræns vinnumarkaðar, vegabréfasambands og fjölda sameiginlegra félagslegra ákvæða. Auk þess hafa íbúar Norðurlanda lengi getað sest að og stundað nám og rannsóknir alls staðar á Norðurlöndum jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi lands.

Umhverfis-, loftslags- og orkumál og rannsóknir, menntun og nýsköpun, að tryggja opin Norðurlönd og aukinn sýnileiki eru mikilvæg atriði í norrænu samstarfi sem miðar að því að Norðurlönd verði áfram í fremstu röð í hnattvæddum heimi.

Til að gera skýra grein fyrir þessu leggjum við í flokkahópi hægrimanna til að allar þingmannatillögur, sem lagðar eru fram, feli í sér greinilega lýsingu á samnorrænu notagildi sem tillögunum er ætlað að hafa.

Afmarkar það störf okkar betur og hleypir nýju lífi í þau en íbúar landa okkar fá skýrari mynd af því sem við stefnum að og auðveldara verður að rekja árangur af norrænu samstarfi til framlags okkar á vettvangi Norðurlandaráðs.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klintskov Jerkel (KF)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Jessica Polfjärd (m)
Juhana Vartiainen (saml)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes (H)
Michael Tetzschner (H)

Nils Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Pål Jonson (M)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Susanna Koski (saml)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)